



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Dómsmálaráðuneytið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Reykjavík 25. október 2022

2103033SA GB  
Málalýkill: 00.63

### **Efni: Umsögn um drög að frv. um br. á l. um persónuvernd, mál nr. 182/2022**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dags. 6. október sl. Beðist er velvirðingar á að umsögn er veitt að liðnum umsagnarfresti, sem var til 24. október. Sambandið óskaði eftir fresti til að koma athugasemdum sínum á framfæri símléiðis dags. 24. október sl. en var ekki fallist á beiðni þess efnis. Þess er engu að síður vænst að tekið verði tillit til framkominna sjónarmiða við frekari vinnslu frumvarpsins.

Vert er að undirstrika að persónuverndarlögin hafa mikla þýðingu fyrir fjölmarga aðila, hvort sem um er að ræða almenning, fyrirtæki eða opinbera aðila. Tilefni er því til að vanda til samráðsferlis þegar fyrirhugaðar eru verulegar breytingar á lögnum.


Í þessu tilviki var ekki lagt fram áformaskjal í samráðsgátt og ekki verður séð að nein tilraun hafi verið gerð til að fá fram sjónarmið sveitarfélaga eða atvinnulífs til þeirra tillagna sem fram koma í frumvarpinu. Þegar af þeirri ástæðu áskilur sambandið sér rétt til að setja fram ítarlegri ábendingar þegar frumvarp verður lagt fram á Alþingi, en jafnframt skal tekið fram að sambandið getur í flestum atriðum tekið undir umsögn Samtaka atvinnulífsins um frumvarpsdrögin.

Sambandið getur vel tekið undir að þörf sé á aðgerðum til að létta álagi af Persónuvernd. Einn liður í því er að einfalda meðferð kvartana sem berast til stofnunarinnar og forgangsraða málum eftir mikilvægi. Nefna má sem dæmi um slíkar heimildir til stjórnvalds að samkvæmt sveitarstjórnarlögum getur innviðaráðuneytið ákveðið að láta mál niður falla að fengnum skýringum frá viðkomandi sveitarfélagi, í stað þess að þurfa að ljúka öllum málum með úrskurði eða formlegu álitu.

Í frumvarpinu er þó ekki látið þar við sitja heldur eru valdheimildir stofnunarinnar einnig auknar. Sérstaklega er tilefni til umræðu um þá tillögu að stjórn stofnunarinnar þurfi ekki að fjalla um ákvarðanir um dagsektir, ásamt því að bætt verði við heimild til álagningar dagsekta í þeim tilvikum þegar ekki er orðið við beiðnum Persónuverndar um upplýsingar eða aðgang að gögnum eða húsnæði samkvæmt 1., 5. og 6. tölul. 1. mgr. 41. gr. laganna. Í sérstökum athugasemdum með 2. gr. frumvarpsdraga kemur fram að það sé sameiginlegt mat Persónuverndar og stjórnar að ekki sé raunveruleg þörf á aðkomu stjórnar við ákvörðun um álagningu dagsekta í öllum tilvikum auk þess sem það geti verið mjög þungt í vöfum að kalla saman stjórn Persónuverndar til að taka ákvörðun um beitingu dagsektarúrræðisins.

Það er lykilatriði til að traust ríki í samskiptum Persónuverndar við eftirlitsþega að víska sé fyrir því að meginreglur stjórnsýsluréttar um meðalhóf og jafnræði sé haft í heiðri við töku íþyngjandi ákvarðana. Aðkoma stjórnar stofnunarinnar að slíkum ákvörðunum er mikilvægur þáttur í að tryggja þetta atriði. Aðrar leiðir kunna að vera mögulegar en ekkert samtal hefur farið fram við sveitarfélögin um þetta eða önnur atriði í frumvarpinu. Má í því samhengi minna á að verulegur munur er á veltu og íbúafjölda sveitarfélaga.

Virðingarfyllst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs